

Úrskurður

áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 5/2005

Stálflex sf.

gegn

samkeppnisráði

I.

Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Með bréfi, dags. 14. mars 2005, hefur Stálflex sf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 6/2005](#), dags. 18. febrúar 2005. Í hinni kærðu ákvörðun komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til aðgerða vegna kvörtunar áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar vegna tiltekinnar auglýsingar.

Af kæru áfrýjanda má ráða að hann krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

II.

Helstu málavextir

Mál þetta á rætur að rekja til kvörtunar áfrýjanda til Samkeppnisstofnunar vegna auglýsingar Trésmiðju GKS ehf. og Húsgagna og innréttinga hf. sem birtist í vörulista Pennans hf. „*Allt fyrir skrifstofuna 2004*“ en fyrirtækin eru dótturfyrirtæki Pennans hf. Í erindinu kom fram að í auglýsingunni sé auglýst sérsmiðjaþjónusta og að mynd af kirkjubekkjum í Grafarvogskirkju sé notuð sem dæmi um verk sem Trésmiðja GKS ehf. og Húsgögn og innréttingar hf. hafi unnið. Af auglýsingunni megi ráða að fyrirtækin hafi hannað kirkjubekkina og smíðað frá grunni. Hið rétta sé að bekkirnir hafi verið hannaðir af Birni Gunnarssyni fyrir áfrýjanda. Áfrýjandi hafi fengið verkið að undangengu útboði og til að vinna það hafi hann fengið undirverktaka, Trésmiðju GKS ehf. og Húsgögn og innréttingar hf., en annast sjálfur eftirlit.

Erindi áfrýjanda var sent Pennanum hf. til umsagnar. Fram kom af hálfu Samkeppnisstofnunar að til álita kæmi að brotið hefði verið gegn 20. og 21. grein samkeppnislaga nr. 8/1993. Í svari lögmanns Trésmiðju GKS ehf., dótturfyrirtækis Pennans hf., kom fram að auglýsingin væri sett fram til að vekja athygli á sérsmiðjaþjónustu Trésmiðju GKS ehf. og Húsgagna og innréttinga hf. Fyrirtækin taki að sér allt tréverk innanhúss og klári verkin frá tilboði til uppsetningar allt eftir óskum viðsemjandans sem og sérsmiði eftir forskrift. Í auglýsingunni sé greint frá nokkrum verkum sem þau hafi unnið og birtar myndir, m.a. af kirkjubekkjum í Grafarvogskirkju, er sérstaklega eigi að sýna hina vönduðu trésmíði sem sé inntak auglýsingarinnar. Verði ekki séð að auglýsingin brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Málavöxtum er lýst nánar í hinum kærða úrskurði og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 18. febrúar 2005 var ákvörðun tekin í málinu. Ákvörðunarorð hljóða svo:

„Ekki er ástæða til aðgerða samkeppnisráðs í máli þessu.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Bréf samkeppnisráðs barst 23. mars 2005. Þá var lögmanni Trésmiðju GKS ehf. sent erindi áfrýjanda til kynningar.

III.

Helstu sjónarmið málsaðila

Sjónarmið áfrýjanda

Af hálfu áfrýjanda er á það bent að kvörtun hans til Samkeppnisstofnunar hafi verið beint að Pennanum hf. sem gefið hafi út umræddan vörulista og beri því ábyrgð á því sem þar birtist. Samkeppnisráð sýkni Trésmiðju GKS ehf. og Húsgögn og innréttingar hf., en ekki Pennann hf. sem sé eigandi fyrirtækjanna.

Áfrýjandi telur niðurstöðukafla samkeppnisráðs gefa til kynna að það leggi sig fram um að fegra mjög tilgang auglýsingarinnar með beinum tilvitnunum í texta hennar. Auglýsingin hljóti að hafa hafa þann tilgang að selja og afla verkefna, eins og allar aðrar auglýsingar, ekki bara eins og samkeppnisráð segi "*að vekja athygli á sérsmíðapjónustu*". Í henni hafi verið notuð mynd af framleiðslu samkeppnisaðila í þeim tilgangi að laða að viðskipti. Niðurstaða samkeppnisráðs sé því sú að það sé í lagi að villa á sér heimildir með því að taka hugverk annarra og nota sér til framdráttar og séu það taldir góðir viðskiptahættir.

Sjónarmið samkeppnisráðs

Af hálfu samkeppnisráðs er vísað til forsendna hinnar kærðu ákvörðunar.

IV.

Niðurstaða

Í tilefni af athugasemdum áfrýjanda um aðild Pennans hf. að málinu þykir áfrýjunarnefndinni rétt að taka fram að Samkeppnisstofnun hafi réttilega veitt Pennanum

hf. færi á að gera athugasemd við kvörtunina. Athugasemdir bárust frá lögmanni Trésmiðju GKS ehf. sem er dótturfyrirtæki Pennans hf. Af þeirri ástæðu sér áfrýjunarnefndin ekki ástæðu til að gera athugasemdir við aðild að málinu.

Í forsendum hinnar kærðu ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 6/2005, dags.18. febrúar 2005, eru færð ítarleg rök fyrir niðurstöðu ráðsins. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst að öllu leyti á þá röksemdafærslu og þykir því rétt að staðfesta ákvörðunina með vísan til þeirra raka.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 6/2005 frá 18. febrúar 2005 er staðfest.

Reykjavík, 27. apríl 2005

Páll Sigurðsson

Anna Kr. Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir